

Orsakir ófriðarins.

Þegar taldar eru orsakir ófriðar þess sem nú er milli Þýskalands og Vesturveldanna, sé eg aldrei þeirrar getið sem eg hygg þó að rétt væri að nefna fyrst. Á eg þar við Gyðingaofsóknirnar á Þýskalandi. Áhrif Gyðinga á Bretlandi eru mikil og vaxandi, og auðugir Gyðingar eru meir og meir að koma í staðinn fyrir hið fyrra stórmenni Bretlands af engilsaxneskum, dönskum og norskum ættum. Hitler virðist vera eini stjórnandinn sem hefir gert sér fyllilega ljóst, að gyðingleg áhrif á menningu Norðurálfunnar væru orðin hættulega mikil, en siður ástæða til að furða sig á, að úr þessu hefir verið reynt að bæta á annan hátt en æskilegt hefði verið. Það má ekki gleyma því, að ástæður hafa á Þýskalandi verið sérstaklega erfiðar í þeim efnum. Þjóðin var flakandi í sárum eftir ófriðinn mikla, Gyðingar höfðu bjargast best á hungurárunum, og óðu uppi, en sýndu jafnframt greinilega að þeir voru ekki færir um að stjórna þýsku þjóðinni. Stjórnmalaflokkarnir skiftu tugum, alt logaði í deilum, og manndráp voru daglegir viðburðir. Það

var við því að búast, að úr þessu yrði ekki bætt nema með einræði fyrst um sinn. Og það má heldur ekki gleyma því, að heimspekingurinn Friedrich Nietzsche, sem var orðinn allra rithöfunda og siðakennara mest metinn á Þýskalandi, hafði sagt: Werdet hart! Og hygg eg þó að það boðorð hafi verið nokkuð misskilnið.

En þegar rætt er um innrás Þjóðverja í Pólland verður að minnast þess, að forustumenn Pólverja höfðu sýnt alveg óverjandi hyggindaskort gagnvart hinum sigruðu Þjóðverjum. Pólland hafði verið látið kljúfa Þýskaland sundur og hinum sundruðu landshlutum var gert erfitt fyrir um samgöngur. Það var ekki von að slíkt gæti blessast, þegar þýska þjóðin fór að ná aftur kröftum sínum.

Í Vísi var í dag fróðleg grein um ófriðinn, eftir Lloyd George. Það er býsna eftirtektarvert, að þar sem hinn mikli stjórnmálamaður ræðir um það sem orðið gæti til að gera enda á styrjöldinni, minnist hann ekki á þann möguleika, að þjóðirnar vitkuðust, áttuðu sig á því hvílikt Helstefnuathæfi ófriður er, með herfilegum afleiðingum langt fram í aldir, og að þegar til lengdar lætur, er ekkert sem hefnir sin eins greipilega og að fyrirlita sannleikann.

27. febr.

Helgi Pieturs.

Útgefna 7. febr. 1940